

Ed.

534. Frumvarp til laga

[233. mál]

um breyting á lögum nr. 68 frá 10. október 1967 um Iðnlánasjóð.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972—1973.)

1. gr.

1. töluliður 5. gr. laganna breytist þannig:

Í stað „0.4%“ komi: 0.5%.

Að öðru leyti skal 1. töluliður 5. greinar vera óbreyttur.

2. gr.

2. töluliður 5. gr. laganna orðist þannig:

Framlag ríkissjóðs, 50 milljónir ár hvert, í fyrsta sinn 1973.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Breytingar þær, sem lagt er til með frumvarpi þessu að gera á gildandi lögum um Iðnlánasjóð, eru tvenns konar. Annars vegar er lagt til að hækka um fjórðung gjald það, sem innheimt er til sjóðsins af iðnaðinum í landinu, eða úr 0.4% í 0.5% af sama gjaldstofni og aðstöðugjald var reiknað af skv. lögum nr. 69/1962. Hins vegar er lagt til, að framlag ríkissjóðs hækki úr 15 millj. kr., eins og það var 1972, í 50 millj. kr. frá og með 1973.

Breytingum þessum er ætlað að stuðla að eflingu Iðnlánasjóðs og gera honum kleift, að sinna í ríkara mæli en áður hinum síauknu verkefnum sjóðsins.

Með frumvarpi þessu er jafnframt verið að gera ráðstafanir til að halda í horfinu eða bæta hlutfall eigin ráðstöfunarfjár sjóðsins af heildarútlánum hans. Með þessum ráðstöfunum er spyrnt við fótum, hvað Iðnlánasjóð áhrærir, gegn þeirri neikvæðu þróun fjárfestingarlánasjóða almennt á síðustu árum, sem ekki hafa getað uppfyllt vaxandi eftirspurn eftir lánsfé nema með stórauðnum lántökum sjálfir, sem aftur hefur þær afleiðingar, að eigin ráðstöfunarfé sjóðanna hefur farið hlutfallslega minnkandi frá ári til árs, ef miðað er við heildarútlán þeirra. Samkvæmt bráðabirgðatölum mun hlutfall þetta fara úr 55% árið 1970 niður í 33% 1973, ef viðhlítandi ráðstafanir verða ekki gerðar.

Efling Iðnlánasjóðs er sameiginlegt áhugamál ríkisvaldsins og samtaka iðnaðarins sjálfs. Hækkun iðnlánasjóðsgjaldsins um 25%, sem hér er lögð til, er skerfur iðnaðarins sjálfs til eflingar þessum stofnlánasjóði.

Þegar iðnlánasjóðsgjaldið var fyrst lagt á 1963 nam það 4.2 millj. kr., en á síðasta ári 1972 nam innheimt iðnlánasjóðsgjald 51.5 millj. kr. Samanlagt frá upphafi til og með 1972 hefur iðnlánasjóðsgjaldið numið 253 millj. kr., en höfuðstóll Iðnlánasjóðs var 31. desember 1972 459.4 millj. kr.

Með hækkun ríkisframlagsins úr 15 millj. kr. í 50 millj. kr., eins og hér er lagt til, kemur ríkisvaldið til móts við iðnaðinn sjálfan og stuðlar á raunhæfan hátt að auknu eigin ráðstöfunarfé sjóðsins til frambúðar jafnframt því að gera sjóðnum auðveldara að rækja hlutverk sitt.

Ríkissjóður hefur lagt Iðnlánasjóði til árlegt framlag allar götur frá 1935, og hefur það farið síhækkandi. Á síðasta ári nam það 15 millj. kr., og hafði það þá numið í heild frá upphafi 92 millj. kr.

Vaxandi iðnaður krefst síaukinna stofnlána og gegnir því Iðnlánasjóður mikilvægu hlutverki, en hann lánar einkum til byggingar iðnaðarhúsnæðis, til vélvæðingar í iðnaði og hagræðingar. Eftirfarandi tölur sýna hve eftirspurn eftir lánum úr sjóðnum hefur farið vaxandi á undanförunum árum:

	1971	1972	1973*)
Fjöldi lánsbeiðna	231	250	290
Upphæð lánsbeiðna	327 mkr.	419 mkr.	665 mkr.
Afgreidd lán	127 mkr.	176 mkr.	158 mkr.

Af þessum tölum er ljóst, að með ráðstöfunarfé sjóðsins 1973 hefur aðeins tekizt að sinna 23.7% umbeðinnar lánsfjárhæðar. Ef sjóðurinn á að geta sinnt fleiri umsóknum þarf hann að taka að láni stórfé og mun hann að einhverju marki gera það á árinu 1973.

Með ráðstöfunum þeim, sem hér eru lagðar til, er staða sjóðsins styrkt verulega og það bæði til frambúðar og strax á árinu 1973.

Hækkun iðnlánasjóðsgjaldsins úr 0.4% í 0.5% gefur sjóðnum tæpar 14 millj. kr. til viðbótar áætluðu iðnlánasjóðsgjaldi, 55 millj. kr., 1973, og mundi því iðnlánasjóðsgjaldið nema í heild 69 millj. kr. á þessu ári.

Hækkun ríkisframlagsins úr 15 millj. kr. í 50 millj. kr. gefur sjóðnum til viðbótar 35 millj. kr. á þessu ári.

Þessi lagabreyting felur því í sér um 50 millj. kr. aukningu höfuðstóls Iðnlánasjóðs á þessu ári umfram það, sem ella hefði orðið að óbreyttum lögum.

*) Um ofanritaðar tölur ársins 1973 er það að segja, að í byrjun marz 1973 höfðu borizt 290 umsóknir að upphæð samtals 665,4 millj. kr. Miðað við venju var þá umsóknarfrestur lífinn. Fyrri úthlutun lána hefur þegar farið fram að fjárhæð 158 millj. kr., en hún er miðuð við ráðstöfunarfé sjóðsins 1973, sem að öllu óbreyttu er áætlað 146 millj. kr.